



Alþingi
Erindi nr. P 135/136
komudagur 12. 11. 2007

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 7. nóvember 2007.

Frumvarp til laga


Um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Stjórn Landssambands eldri borgara hefur fjallað um ofangreint frumvarp Kristins H. Gunnarssonar o.fl. flutningsmanna.

Stjórn LEB er sammála þeim sjónarmiðum sem fram koma í greinargerð með frumvarpinu, að sérstakur persónuafsláttur verði tekinn upp fyrir lágtekjufólk. Eins og bent er á í greinargerðinni mundi þetta lækka skatta lágtekjufólks með 150.000 kr. mánaðatekjur um 21.400 kr. á mánuði, eða sem næmi tæpum 260 þús. kr. á ári.

Stjórn LEB er einnig sammála flutningsmönnum um að slíkur sérstakur persónuafsláttur ætti ekki við um tekjur yfir 250 þús kr. á mánuði.

Virðingarfyllst,


Helgi K. Hjálmsón, formaður LEB


Borgþór S. Kjærnested, framkv.stj.LEB